

Auglýsing

um

1
18. febr.

kosning alþingismanns fyrir Seyðisfjarðarkaupstað.

Með því að kosning dr. Valtýs Guðmundssonar háskólakennara til alþingismanns fyrir Seyðisfjarðarkaupstað yfirstandandi kjörtímabil hefir verið gerð ógild af alþingi, er hjermeð samkvæmt 54 gr. laga nr. 18 frá 3. október 1903, um kosningar til alþingis, fyrirskipað, að ný kosning skuli fara fram ~~manudaginn~~ ^{frídaginn} 9. mars næstkomandi á þingmanni fyrir kaupstaðinn um þetta kjörtímabil.

Frestir þeir, sem ákveðnir eru í kosningalögunum, eru styttr þannig, að framboðsfrestur er til 3. mars, að þeim degi meðtöldum, og að tveim dögum þar eftir skulu kjörseðlar fullgerðir.

Þetta er hjermeð birt öllum þeim, er hlut eiga að máli og hefir verið lagt fyrir hlutaðeigandi yfirkjörstjórn að undirbúa kosningu þessa og sjá um að hún fari fram samkvæmt fyrirmælum kosningalaganna.

Í stjórnarráði Íslands, 18. febrúar 1909.

H. Hafstein.

G. Sveinbjörnsson.
settur.

Brjef stjórnarráðsins til borgarstjórans í Reykjavík um legukostnað þurfalings á erlendum spítala.

2
6. jan.

Eftir að fátækranefnd Reykjavíkurkaupstaðar hafði farið fram á það við stjórnarráðið, að ávísaður yrði úr landssjóði, samkvæmt 77. gr. fátækralaga 10. nóvbr. 1905, kostnaður við dvöl þurfalings bæjarins, Þorsteins Pálssonar, á Vordingborgarspítala í Danmörku á árinu 1907, að svo miklu leyti, sem kostnaður þessi fór fram úr 200 kr., er kaupstaðnum bæri að greiða, spurði stjórnarráðið yður, herra borgarstjóri, um það í brjefi, dags. 17. okt. f. á., hvort þurfamaður þessi hafi verið sendur hjeðan á nefndan spítala, eða hafi orðið styrkspurfi í Danmörku og verið veittur þar hinn umræddi styrkur. Í brjefi, dags. 31. f. m.,